



# REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Arctic Sea Farm hf.

Starfsstöð: Ísafjarðardjúp

Kennitala: 700807-0450

Aðsetur: Sindragötu 10  
400 Ísafjörður

Rekstrarleyfisnúmer: FE-1174

Leyfið gildir til: 29.2.2040

## Starfsemi:

AE 1 - Lax / *Salmo salar*

AE 2- Regnbogasilungur / *Oncorhynchus mykiss*

## Í gildi frá:

29.2.2024

29.2.2024

Kynslóðaskipt sjókvíaelði í Ísafjarðardjúpi. Hámarkslífmassi 8.000 tonn þar af 5.200 tonn frjór lax.

Frjór laxastofn: StofnFiskur. Regnbogasilungur: Danmörk

## Svæði

## Hnit

Arnarnes

1. 66°06.851'N 23°01.264'W, 2. 66°06.989'N 22°59.417'W,  
3. 66°06.323'N 22°58.959'W, 4. 66°06.169'N 23°00.981'W,

Kirkjusund

1. 66°05.724'N 22°50.817'W, 2. 66°05.270'N 22°49.438'W,  
3. 66°04.525'N 22°50.562'W, 4. 66°04.966'N 22°51.969'W,

Sandeyri

1. 66°08.620'N 22°52.800'W, 2. 66°09.180'N 22°51.970'W,  
3. 66°08.360'N 22°48.540'W, 4. 66°07.810'N 22°49.350'W,

Rekstrarleyfið er gefið út miðað við fyrirliggjandi mat Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli og áhættumati vegna erfðablöndunar. Heimilt er að endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarþolsmati og/eda áhættumati Hafrannsóknastofnunar.

Rekstrarleyfishafa ber að tryggja að fjarlægð í fisk ótengdra rekstrarleyfishafa í Ísafjarðardjúpi sé eigi styttri en 5 km í samræmi við 5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020. Rekstrarleyfishafa ber að sækja um heimild til Matvælastofnunar til útsetningar seiða í samræmi við 46. gr. reglugerðar nr. 540/2020. Þá er rekstrarleyfishafa óheimilt að setja út fisk á eldissvæðin Arnarnes og Kirkjusund nema að fyrir liggi undirritaður samstarfssamningur milli rekstrarleyfishafa og annars vegar Hábrúnar ehf. og hins vegar Háafell ehf. sem tryggir samræmdar forvarnir og viðbrögð við snikjudýrum og sjúkdómum.

Jaðar sjókvíaeldisstöðvar á Arnarnesi skal ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 100m. Jaðar sjókvíaeldisstöðvar á Kirkjusundi skal ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 50 m. Botnfestingar (ankeri og tóg) skulu vera á meira en 15 m dýpi þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.

Rekstrarleyfishafi skal við eldi frjórta laxa notast við ljósastýringu, þ.e. hafa kveikt ljós í kvíum meðan dagsbirtu gætir ekki frá 20. september til 20. mars. Við útsetningu frjórta seiða og þar til fiskur er orðin að meðaltali yfir eitt kíló skal möskvastærð í kvíum vera að hámarki 18 mm (legglengd möskvans). Frjó seiði sem sett eru út í kvíar skulu vera yfir 120 gr.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna stroks sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga. Leyfishafi skal kanna ástand netpoka og annars búnaðar neðansjávar strax eftir ofsaveður.

Rekstrarleyfishafi skal skila reglulega og eftir beiðni inn þeim gögnum sem óskað er eftir til Hafrannsóknastofnunar til að stofnunin geti bætt nákvæmni áhættumat erfðablöndunar.

Rekstrarleyfishafi skal viðhafa fyrirkomulag vöktunar vegna laxalúsar í samræmi við leiðbeiningar sem Matvælastofnun gefur út. Rekstrarleyfishafi skal hafa tilgreinda viðbragðsáætlun og mótvægisáðgerðir í samræmi við niðurstöðu um smítalag frá eldisfiski hverju sinni og áhættu fyrir villta fiskistofna, s.s. notkun hlífðardúks, sérstaks fódurs og neyðarslátrun ef ekki tekst að halda lúsasmiti undir viðmiðunarmörkum.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggir á gangagranni um erfðafni hjá framleiðanda hroga.

Matvælastofnun mun upplýsa á heimasíðu sinni um niðurstöður vöktunar auk annarra upplýsinga sem kveðið er á í lögum og reglugerðum.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis þessa er háð því að leyfi til mannvirkjagerðar sé til staðar. Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskirteini útgefna af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 462/2021 (sem innleiðir reglugerð ESB nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Erna Karen Óskarsdóttir

Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis

